

REGLUGERÐ KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara

1.gr.

Almenn ákvæði

- 1.1. Allir þjálfarar skulu hafa fullnægjandi og viðeigandi menntun til þeirra þjálfarastarfa sem þeir vinna.
- 1.2. Skilgreining á hlutverki aðalþjálfara: Aðalþjálfari skipuleggur og stjórnar æfingum flokksins sem hann þjálfar og er viðstaddur leiki liðsins. Hann er ábyrgur fyrir knattspyrnulegri stjórnun flokksins og ber faglega ábyrgð á starfi og árangri hans.

2.gr.

Menntunarkröfur

- 2.1. Félög skulu gera kröfur til þjálfara sinna um menntun samkvæmt eftirfarandi:

Þjálfun	Aðalþjálfari	Aðstoðarþjálfari	Markmannsþjálfari
Pepsi-deild karla, 1. deild karla og Pepsi-deild kvenna	UEFA Pro gráða eða KSÍ A gráða	KSÍ B gráða	Markmannsþjálfaragráða KSÍ
2. deild karla, 3. deild karla, 4. deild karla, 1. deild kvenna og 2. flokkur	KSÍ B gráða og KSÍ V námskeið að auki	KSÍ B gráða	Markmannsþjálfaragráða KSÍ eða KSÍ B gráða
Yfirþjálfari unglिंगastarfs	KSÍ A gráða		
3. og 4. flokkur	KSÍ B gráða	KSÍ II	KSÍ II
5. 6. 7. og 8. flokkur og flokkar þar sem eingöngu er keppni í 7 eða 5 manna liðum	KSÍ II	KSÍ I	KSÍ I

3.gr.

Mat á þjálfaragráðum

- 3.1. KSÍ er aðili að þjálfarasáttmála UEFA og metur því UEFA A og UEFA B þjálfaragráður frá öllum löndum Evrópu til jafns við KSÍ A og KSÍ B gráðurnar.

4.gr.

Endurmenntun

- 4.1. Þjálfarar með KSÍ A og KSÍ B þjálfaragráður þurfa að sækja sér endurmenntun, lágmark 15 tíma á 3 ára fresti til að viðhalda réttindunum sínum og skila inn staðfestingu því til sönnunar til fræðslustjóra KSÍ.
- 4.2. Fræðslunefnd KSÍ ákvarðar hvað telst gild endurmenntun til endurnýjunar á þjálfararéttindunum.

5.gr.

Mat réttinda

- 5.1. Fræðslunefnd KSÍ metur hvaða réttindi nám/námskeið á Íslandi og erlendis veita og hvaða réttindi útlendingar hafa til þjálfunar á Íslandi.
- 5.2. Fræðslunefnd KSÍ getur veitt I.-II. stigs þjálfararéttindi þeim sem hafa knattspyrnuferil að baki.

6.gr.
Undanþágur

- 6.1. Fræðslunefnd KSÍ er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum í reglugerð þessari ef veigamiklar og sérstakar ástæður liggja að baki. Slíkar undanþágur skal þó alltaf bera undir stjórn KSÍ til samþykktar.

7.gr.
Gildistaka

- 7.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi nema grein 2.1. sem tekur gildi þann 1. nóvember 2010 en þar til gildir grein 2.1. í reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara er samþykkt var af stjórn 23. apríl 2007. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara.

Samþykkt af stjórn KSÍ 18. desember 2009